

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1934.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Spánar, undirskrifuð af ráðherra 12. desember 1934 (nr. 66).

Lög um gengisviðauka, undirskrifuð af konungi 29. desember 1934 (nr. 71).

Fjárlög fyrir árið 1935, undirskrifuð af konungi 28. desember 1934 (nr. 72).

Lög um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911, undirskrifuð af konungi 29. desember 1934 (nr. 73).

Lög um sildarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 74).

Lög um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 75).

Lög um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 76).

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 112 Ísafjarðarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Hesteyri. 22. okt.

Með bréfi, dags. 8. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar á Hesteyri ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Hesteyri sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti svo sem hér segir:

Að utan leigulóð Ketilríðar Veturlíðadóttur. Að innan Hnausabakkalækur. Að ofan lína 20 faðmar upp frá stórstraumsflæðarmáli frá ytri takmörkum inn að ytri kvísl Hesteyrarár, þaðan lína 150 faðmar upp frá stórstraumsflæðarmáli að innri takmörkum.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.